

# Septem sem kvintett

Guðmundur Benediktsson sýnir með hópnum

Um síðustu helgi voru þrjár sýningar opnaðar að Kjarvalsstöðum. Meðal þeirra er sýning Septem-hópsins í vestursalnum. Þetta er tólfta sýning Septem-manna frá því samtökin voru reist, eða endurreist, allt eftir því hvernig menn vilja líta á þau. Fráfall Þorvaldar Skúlasonar hvílir óneitanlega yfir salarkynnum og blómabúkettar við myndir hans minna sýningargesti á að Septem-sýningin í ár er eins konar „posthumus-sýning“ þessa mikla meistara.

Það hlýtur að vera erfitt fyrir þá sem eftir eru að halda uppi sama kraftinum, þegar stór skörð eru höggvin í raðir þeirra. Með þeim Sigurjóni og Þorvaldi eru horfnir elstu og reyndustu listamenn hópsins og fyrir bragðið verður heildin ekki nema svipur hjá sjón. Þá vantar tilfinnanlega Karl Kvaran sem nú sýnir í Listmunahúsinu. Hann hefur mér fundist jafnbestur gegnum árin og gefa Septem-sýningunum það pund sem svona hópsýningar þurfa til að standa undir sér listrænt séð.

## Minningarsýning

Skyldi þá ekkert vera bitastætt í vestursalnum? Jú, því þrátt fyrir lát Þorvaldar standa verk hans óhöggð sem vottur um mikla andlega frjósemi til hinstu stundar. Og við minnumst ekki eingöngu eins manns, því Kristján Davíðsson sýnir okkur mikla og stórbrotna mynd málaða í minningu Ragnars í Smára.

Kristján er aldrei betri en þegar hann fæst við alvöruna í náttúrunni þar sem mætast himinn, haf og jörð, mörk lífs og dauða. Í flæðarmálinu og á Rauðasandi öðlast verk hans þá dýpt sem gera hann tvímælalaust að okkar besta landslagsmálara, a.m.k þegar hann vill það við hafa. Náttúran virðist ljá frjálsum abstraktmyndum hans einhvern heimspökilegan tón sem stórlega eykur gildi þeirra.

Guðmundur Benediktsson er gestur Septem-hópsins að þessu sinni. Mig grunar að ekki líði á löngu þar til hann verði fullgildur meðlimur. Ekki mun vanta plássid. Auk þess sver hann sig í ætt við þau norm sem gilda innan Septem-hópsins. Þau má finna samkvæmt staðli gefnum upp í listaverkabókum um það hvernig vönduð eftirstríðsáralist skuli vera. „Látið París gefa tóninn“ minnir mig að ein þessara bóka heiti, en þær eru fleiri.

## Misskilin klassik

Guðmundur er þrátt fyrir allt góður listamaður og þótt stíll hans sé örflítið klemmdur og varfærinn, bera myndir hans vott um fhygli og kunnáttu samfara ljóðrænni vitund.

Og svo er hér allt í einu figúratív mynd eftir Jóhannes Jóhannesson. Hún jadrar að vísu við flottheit í fínnessum sínum, en hér kveður við nýjan tón og það veit á eitthvað forvitnilegt.

Hið sama verður víst ekki sagt um verk Guðmundu Andrésdóttur. Ef því hefur einhvern tíma verið fram haldið að stílræn staðfesta væri aðalsmerki góðrar listar, hefur Guðmundu löngu hrakið þá kenningu með því að snúa henni upp í hádulegt skop. Nú er svo komið að enginn getur lengur sagt mér hvort þessar myndir séu þær sem hún sýndi í fyrra eða hittifyrra, ellegar fyrir tíu árum. Hið eina sem ég veit er að einu sinni var blár eða brúnn þar sem nú er grænn. Einnig rámar mig í hringi þar sem nú eru bylgjur, en

hvar eða hvenær er mér ómögulegt að muna. Ef tilveran er stöðnuð og tilbreytingalaus, þá eru verk Guðmundu sönnust af öllu sönnu.




HALLDÓR  
B. RUNÓLFSSON

Vandamál Valtýs Péturssonar eru annars eðlis og miklu augljósari. Þar er um hreint afturhvarf að ræða til skólabókarinnar. Allir anfarin 50 ár eða meir, hafa um leið gengið gegnum sinn Cézanne. Ég hef alltaf haldið að það væri til að efla með mönnum formrænna hugsun, en ekki svo

þeir sætu fastir í stíl þessa ágæta málara.

En eftir að nemendur Ingres höfðu endanlega rúíð sígildan stíl Rafaels öllu innihaldi, fóru menn að þreifa fyrir sér um nýjan klassískan staðal sem hægt væri að byggja á nútímalegan akademisma. Aumingja Cézanne varð fyrir valinu og þrátt fyrir það að Braque leiddi kenningar hans til lykta á fyrstu árum aldarinnar (og Jón Stefánsson hér á landi), héldu vissir menn áfram að apa eftir stíl hans eins og ekkert hefði í skorist.

Fyrir Valtý eins og aðra cézannista hefur listin sjálf verið til lykta leidd með kenningum meistarans frá Aix. Ekkert er eftir nema endurtekningin. Þetta er synd þegar þess er gætt að Valtýr var annars sinnis fyrir



Málverk eftir Þorvald Skúlason

þrem áratugum, þegar hann stóð í fylkingarbrjósti fyrir vissri formbyltingu. Að skólabok Thénots

(útgefin 1838) skuli nú kitla hann nærri 150 árum eftir útkomu er hreint furðulegt. —HBR

# “Ó brother!”



Hér nýtur japanskt hugvit sín til fulls. Elektrónískar ritvélar með minni gerast ekki léttari og fyrirferðaminni. Brother verksmiðjurnar framleiða um eina milljón véla árlega, sem er um 15% af markaðspörf. Það ætti ekki að þurfa fleiri meðmæli.

## CE 50 sú léttá

1. Skiptanleg leturkróna
2. Kasettuborðar
3. Síritun allra lykla
4. Sjálfvirk 5 bíla inndrögun
5. Hraðvirk afturfærsla
6. Sjálfvirk endurstaðsetning eftir leiðréttingu
7. Uppsetning talnadálka
8. Stillanlegur ásláttarþungi
9. ½ stafabil
10. Sjálfvirk 1 línu leiðrétting
11. Lok með handfangi

## 3912 C

fyrir skóla og heimili



## CE 60

fyrir skrifstofur



GÍSLI J. JOHNSEN  
SKRIFSTOFUBÚNAÐUR SF



Smiðjuvegi 8 - Sími 73111